



Minnisblað - 1909024

Til: Umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar

Frá: Kristjáni Inga Arnarssyni, umsjónarmanni framkvæmda

Efni: *Minningargarðar í Dalabyggð*

Dags.: 09. 01. 2020

Beiðnin í upphaflega bréfin er frekar óskýr. Það er verið að athuga hvort sveitarfélög hafi almennt áhuga á að hafa svona minningargarð hjá sér, án skuldbindingar eða ábyrgð með umsjón. Þetta snýr þá helst að því hvort og hvar sé rými fyrir slíkan garð í skipulagi og ef það liggi ekki fyrir hvort sveitarfélagið hafi áhuga á að taka það til athugunar við næstu endurskoðun aðalskipulags.

Framkvæmdin sem slík (uppsetning á garð og umhirða) er svo samkomulagsatriði og gæti alveg eins verið í höndum áhugasamra skógræktarfélaga með þá kannski milligöngu sveitarfélags. Þau eru í viðræðum við Skógræktarfélag Íslands og ýmis sveitarfélög, en þetta er sennilega einhverra ára ferli áður en fyrstu minningargarðarnir líta dagsins ljós. Það fellst engin fjárhagsleg skuldbinding við verkefnið í því að skoða skipulagshliðina.